

355. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, mánudaginn 6. maí 2024 kl. 16:00.



Mætt af hálfu framkvæmdastjórnar ÍSÍ: Lárus L. Blöndal forseti, Pórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson og Andri Stefánsson framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Forföll: Daníel Jakobsson, Elsa Nielsen, Hörður Þorsteinsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Úlfur H. Hróbjartsson.

Dagskrá:

Fundurinn var haldinn að ósk stjórnar Grænlenka íþróttasambandsins (GIF) sem var, ásamt starfsfólki sambandsins, í heimsókn á Íslandi til að kynna sér skipulag íþróttastarfs á landinu. Óskað var eftir fundi með stjórn ÍSÍ og kynningum á starfsemi og helstu verkefnum sambandsins. Fyrr um daginn sá starfsfólk ÍSÍ um að kynna fyrir hópnum skipulag íþróttastarfsins og helstu verkefni sambandsins.

Mætt af hálfu GIF: Claus Nielsen, formaður, Bolethe Stenskov, varaformaður, Frederik Lundblad, meðstjórnandi, Sequssuana Fleischer Schmidt, meðstjórnandi, Hans Frederik Olsen, meðstjórnandi og Jonas Jensen, framkvæmdastjóri

Forseti ÍSÍ setti fund og bauð stjórn GIF velkomna til fundar með stjórn ÍSÍ. Hann rifjaði upp heimsókn nokkurra fulltrúa ÍSÍ til Nuuk síðastliðið haust þegar Nordic Sports Meeting fór fram í tengslum við 70 ára afmæli GIF. Þar kom sú hugmynd upp að koma á fundi framkvæmdastjórna ÍSÍ og GIF og ræða möguleika á auknu samstarfi um íþróttaleg málefni.

1. Kynning á starfsemi ÍSÍ

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir skipulag ÍSÍ og íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Ágættis umræður spunnust um ýmis málefni, meðal annars um iðkendafjölda og svæðisskrifstofur.

2. Kynning á starfsemi GIF (Grænlenka íþróttasambandið)

Jonas Jensen framkvæmdastjóri GIF fór yfir skipulag GIF og íþróttar á Grænlandi. Umræður urðu um kostnað við íþróttastarf, ferðalög og gistimál. Nánast eingöngu er hægt að ferðast á milli bæja á Grænlandi flugleiðis og mótaöld í ákveðnum íþróttagreinum fer fram einu sinni á ári á einum stað til að minnka kostnað. Sem dæmi um fjarlægðir þá er vegalengdin á milli bæja sem eru nyrst á Grænlandi og þeirra sem eru syðst svipuð og ferðast væri frá Danmörku til suður hluta Ítalíu. Það má því segja að aðstæður í landinu séu afar krefjandi og skipulag viðburða og starfsins erfiðleikum bundið.

3. Samstarfsmöguleikar og samskipti - Umræður

Forseti gaf orðið laust til umræðna.

Rætt var um Vest Norden samstarfið sem var við líði um árabíl en hefur ekki verið til staðar með formlegum hætti undanfarna áratugi. Ýmis líkindi eru með rekstri og skipulagi íþróttastarfsins á Íslandi, á Grænlandi og í Færeyjum og má þar nefna áskoranir vegna fjarlægða, fámennis, o.fl.

Claus Nielsen formaður GIF ræddi Norrænu ráðherranefndina og mögulegar breytingar varðandi aðkomu smærri Norðurlandanna að því samstarfi.

Einnig var rædd fyrirhuguð umsókn Knattspyrnusambands Grænlands um aðild að álfusambandi í knattspyrnu (CONCAF) og mögulegan stuðning frá Íslandi, þ.e. KSÍ, við þá umsókn sem og aðstoð við heimavöll á Íslandi.

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri taldi eðlilegra fyrir þá að leita eftir stuðningi frá Danska knattspyrnusambandinu hvað þetta varðar þar sem Grænland er innan dönsku ríkisheildarinnar. Það væri óeðlilegt að KSÍ eða Ísland væri að senda erindi á álfusambönd (CONCAF) sem Ísland væri ekki aðili að.

Góðar og almennar umræður urðu um íþróttastarfið og mögulega samstarfsfleti.

4. Viðburðir framundan

Framkvæmdastjóri fór hratt yfir yfirlit yfir viðburði sem framundan eru og mönnun þeirra.

5. Næstu fundir

Næstu fundir verða 16. maí, 20. júní og 4. júlí.

6. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Að loknum fundi bauð ÍSÍ gestunum frá Grænlandi til kvöldverðar í Café Easy, ásamt framkvæmdastjórn ÍSÍ og starfsfólki ÍSÍ sem kom að undirbúningi og framkvæmd heimsóknarinnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Andri Stefánsson, fundarritari